

Nd.

462. Frumvarp

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá kreppunefnd.

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs að greiða úr sjóðnum allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg,

á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 4½% á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka ábyrgð á lánum fyrir Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er nemi sömu fjárhæð og þær afborganir, er greiðslufrestur hefir verið veittur á i hvorum banka samkv. ákvæðum laga þessara.

Verði bankarnir fyrir vaxtahalla út af slíkri lántöku, er heimilt að bæta þeim hann úr Kreppulánasjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta er eitt af frv. bændanefndarinnar og er flutt samkvæmt ósk atvinnu-
málaráðherra óbreytt eins og það kom frá bændanefnd.

Pasteignaveðskuldir bænda eru eftir innkomnum skýrslum kr. 12281270.00.
Þessar skuldir skiptast þannig milli lánsstofnananna:

Búnaðarbanki	kr. 6072495.00
Landsbanki og Útvegsbanki	— 2936957.00
Sparisjóðir	— 1526794.00
Aðrir sjóðir	— 1745024.00

Samtals krónur 12281270.00

Þetta eru tölurnar eftir skýrslum þeim, er nefndinni bærust.

Eftir að þeir höfðu verið flokkaðir úr, er eigi töldust bændur, eru veðskuldirnar kr. 11492815.00.

Má ætla, að lækkun þessi deilist nokkurn veginn jafnt á ofangreindar peningastofnanir.

Hér eru eigi með taldar veðskuldir þær, er einstakir menn eru eigendur að. Felast þær að meira eða minna leyti í privatskuldunum. Vantar auðvitað frá þeim, er slíkar skuldir skulda og eigi hafa gefið upp sínar privatskuldir.

Afborganir af þessum lánum fyrir árið 1933 nema ..	kr. 458510.00
Áfallnar og ógreiddar afborganir hjá bönkunum	— 198742.00

Samtals kr. 657252.00

Afborganir við sparisjóði eru eigi taldar hér með; er í flestum tilfellum um þær samið i hvert skipti fyrir sig, og fara þá afborganir eftir greiðslugetu skuldunauts.

Vextir af sömu lánum, er greiðast eiga haustið 1933, eru alls .. kr. 786891.00
Þar með taldir vextir af veðskuldum bænda við sparisjóði.

Ógreiddir áfallnir vextir hjá bönkunum

Samtals kr. 1102153.00